

Lög

um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og
lögum um fjarskipti (gjaldtaka fyrir tíðnir og alþjónusta).

I. KAFLI

Breyting á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003,
með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. a laganna:

- a. Við 4. tölul. 1. mgr. bætist nýr staflíður, svohljóðandi:
 - 3. Fyrir hvert MHz við afnot af 64–66, 71–76 og 81–86 GHz 83 kr.
- b. Við 4. tölul. 1. mgr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
 - Ekki skal taka gjald skv. a- og b-lið þessa töluliðar þegar fastasamband er notað sem heimtaug fyrir heimili og fyrirtæki.
- c. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: *Almenn farnet (t.d. GSM, 3G, 4G og 5G)*.
 - 1. Fyrir hvert MHz undir 2300 MHz 256.500 kr.
 - 2. Fyrir hvert MHz milli 2300 MHz og 10 GHz 128.250 kr.
 - 3. Fyrir hvert MHz yfir 10 GHz 25.650 kr.
- d. B-liður 2. mgr. orðast svo: Gjaldsvæði 2: Höfuðborgarsvæðið (Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær).

II. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskipti, 81/2003, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í viðeigandi stafrófsröð: *Nothæf internetþjónusta*: Virkni, gæði og tæknilegir eiginleikar sem internetþjónusta skal að lágmarki búa yfir þannig að þjónustan geti komið notendum að gagni í daglegu lífi. Lágmarksþirkni, gæði og tæknilegir eiginleikar internetþjónustu eru nánar tilgreindir í reglugerð ráðherra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. Í stað 1. málsl. 3. mgr. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Til alþjónustu telst m.a. símaþjónusta og þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar samfélagslegar þarfir

og gagnaflutningsþjónusta sem tryggir nothæfa internetþjónustu. Þjónustutegundir alþjónustu eru ekki bundnar tiltekinni tækni.

- b. 5. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 20. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „fyrir alþjónustu“ í 1. málsl. kemur: alþjónustuveitanda.
- b. 2. málsl. fellur brott.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Stofnunin metur umsókn alþjónustuveitanda og skal við útreikninga á kostnaði við alþjónustu m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna.

6. gr.

Á undan orðunum „í kjölfar útboðs“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: eftir atvikum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 8. júní 2018.